

Ásgeir Sigurgeirsson keppti í tveimur mótum í dag í Frjálsri Skammbyssu. Hann notar rússneska [TOZ-35](#) skammbyssu, einskota og cal.22lr. Mótið er í [Uppsölum](#) og sigraði hann fyrra mótið með skor uppá 550 stig, sem er hans besti árangur í móti, og hafnaði svo í öðru sæti á seinna mótinu með 532 stig. Á morgun verða einnig tvö mót og bíðum við spennt eftir úrslitum úr þeim.